

Nd.

825. Breytingartillögur

[237. mál]

við frv. til laga um lögreglumenn.

Frá Ólafi G. Einarssyni, Ellert B. Schram og Friðjóni Þórðarsyni.

1. 1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Frá 1. janúar 1972 greiðist kostnaður við starfsemi lögreglunnar, sem áður var greiddur af sveitar- eða sýslufélögum, úr ríkissjóði. Þó skulu sveitar- eða sýslufélögin annast greiðslu kostnaðar, svo sem verið hefur, gegn mánaðarlegri endurgreiðslu úr ríkissjóði allt til 31. desember 1972, að kostnaðargreiðslur færast til ríkissjóðs og umboðsmanna hans.

2. 1. mgr. 14. gr. orðist svo:

Ríkið tekur við þeim tækjum og búnaði, sem sveitar- eða sýslufélag hefur lagt lögreglunni til, enda náist samkomulag um endurgreiðslur milli aðila. Náist ekki samkomulag, skulu þeir dómkvaddir menn ákveða greiðslur.

3. 2. mgr. 14. gr. orðist svo:

Ríkið tekur við húsnæði, sem ríki og sveitarfélög hafa stofnað til sameiginlega til afnota í þágu lögreglunnar, og skal þá sérstaklega samið um greiðslu á eignarhluta sveitar- eða sýslufélaga. Náist ekki samkomulag, skulu þeir dómkvaddir menn ákveða greiðslur.